

**222** (útihús, geymsluhús o. þ. h.), er heimtaugargjald hundraðshluti af fasteignamats-  
27. des. verði samkvæmt 5. gr., og fellur í gjalddaga þegar er húsin eru tekin í notkun.

Um greiðslu kostnaðar af breytingu heimtaugar o. þ. h. fer eftir nánari ákvæðum í reglugerð héraðsrafmagnsveitna ríkisins.

## 2. gr.

5. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Heimtaugargjald skal vera grunngjald af fasteign að viðbættum hundraðshluta af fasteignamatsverði. Grunngjald skal vera 1000 kr. af hverju íbúðarhúsi, hverri kirkju og hverju samkomuhúsi o. þ. h. húsum, sem ekki eru notuð til atvinnurekstrar og auk þess 2000 kr. af hverju búi, hverjum skóla o. þ. h. stofnunum, og af hverri fasteign, sem notuð er til atvinnurekstrar annars en búrekstrar, og til viðbótar við grunngjald skal greiða 45 af hundraði af fasteignamatsverði húsa, mannvirkja, lands og lóða allt að 70000 kr. matsverði, 20 af hundraði af þeim hluta fasteignamatsverðs, sem er fram yfir 70000 kr. allt að 500000 kr. matsverði, og 5 af hundraði af því, sem þar er fram yfir, enda sé samanlögð lengd háspennu- og lágspennulínu veitunnar ekki yfir 1 km á hverjar 3000 kr., sem áætlað er að greiðist í grunngjöldum.

Ef ekki er fyrir hendi mat á fasteign, sem greiða skal heimtaugargjald af, getur sýslumaður áætlað matsverðið og miðað heimtaugargjaldið við það. Láti eigandi meta fasteignina áður en heimtaugargjald fellur í gjalddaga, skal þó miða við það mat.

Fari linulengd veitu fram úr því, sem tilgreint er í 1. málsg., skulu heimtaugargjöld hækka samtals sem nemur áætluðu kostnaðarverði af þeim línunum, sem fram yfir eru, og skal kostnaðarverðinu deilt jafnt á alla gjaldendur hinnar fyrirhuguðu veitu, nema samkomulag verði með þeim um aðra skiptingu sín á milli.

Reglugerðarbreyting þessi, sem sýslunefnd Mýrasýslu hefur samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnumálaráðuneytið, 27. desember 1951.*

**Hermann Jónasson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

**223**

28. des.

## AUGLÝSING

um staðfestingu á byggingarsamþykkt fyrir Ólafsvíkurhrepp.

Samkvæmt lögum nr. 19 1905 og lögum nr. 55 1921 hefur félagsmálaráðuneytið í dag staðfest byggingarsamþykkt fyrir Ólafsvíkurhrepp. Varnarþing í Ólafsvíkurhreppi.

Samþykkt þessi er í samræmi við fyrirmynd að byggingarsamþykktum, sem birt er með auglýsingu nr. 97 18. ágúst 1948 (Stj.tíð. B., bls. 167—185).

*Félagsmálaráðuneytið, 28. desember 1951.*

F. h. r.

**Jónas Guðmundsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*